



***Jafnréttisáætlun Leikskólans í Stykkishólmi
2019-2022***

Virðing – Gleði - Kærleikur

Jafnréttisáætlun Leikskólans í Stykkishólmi tekur mið af jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar 2018-2022 eftir því sem við á. Áætlunin hefur það að markmiði að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum möguleikum íbúa Stykkishólmsbæjar, tryggja jafnrétti kynjanna og stuðla að kynjasambættingu í allri starfsemi bæjarfélagsins. Áætlanirnar byggja á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar „allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.” (Jafnrétti 2013:8)

Velferðar- og jafnréttismálanefnd Stykkishólmsbæjar starfar í umboði bæjarstjórnar að jafnréttismálum í bæjarfélaginu. Einnig er starfandi eineltisráð.

Í jafnréttisáætlun leikskólans er einnig litið til stefnu Stykkishólmsbæjar gegn einelti, áreitni og ofbeldi, fjölskyldustefnu og skólustefnu Stykkishólmsbæjar og skólanámskrár leikskólans en þar má m.a. finna samskiptasáttmála leikskólans.

Vísað er í Aðalnámskrá leikskóla (2011) og sérítið „Jafnrétti” sem er einn af grunnþáttum menntunar, svo og lög um leikskóla nr. 90/2008.

Jafnrétti er hugtak sem nær til margra þátta eins og aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætternis og þjóðernis. (Jafnrétti 2013:7)

Í leikskólanum er unnið með Vináttu, eineltisverkefni Barnaheilla og gerð er símenntunaráætlun á hverju hausti sem tryggja á jafnræði í símenntun og fræðslu alls starfsfólks.

Jafnréttisáætlun Leikskólans í Stykkishólmi tekur til nemenda, starfsfólks og foreldra. Öll samskipti eiga að grundvallast af gagnkvæmri virðingu, kurteisi, tillitssemi, jákvæðni og tausti eins og einkunnarorð leikskólans „virðing-gleði-kærleikur” gefa m.a. til kynna. Það teljum við vera forsenduna fyrir því að öllum líði vel og starfsandi sé góður, þar sem mannauðurinn og hæfileikar allra fá notið sín sem best.

Markmið

Markmið áætlunarinnar eru að stuðla að jafnrétti á sem víðtækustum grunni í Leikskólanum í Stykkishólmi. Gengið er út frá því að allir eigi sama rétt og hafi sömu skyldur og að samstaða/samvinna og jákvæð samkipti kynja sé leið til jafnréttis. Í aðalnámskrá leikskóla (2011:14) segir að markmið jafnréttismenntunar sé að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Nemendur

Sem menntastofnun þarf leikskólinn að uppfylla 22. og 23. grein jafnréttisлага gagnvart nemendum sínum. Hafa ber það í huga í öllu daglegu starfi, við áætlanagerð, skipulagningu leikskólastarfsins og vali á námsefni.

22. grein laganna fjallar um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni og kveður á um skyldur skólastjórnenda til að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir áreitni í leikskólanum. (Sjá nánar í viðauka) Ábyrgðin er á herðum skólastjórnenda og deildarstjóra eftir því sem við á.

Í Leikskólanum í Stykkishólmi skal stefnt á:

- að unnið sé með Vináttu – eineltisverkefni Barnaheilla á öllum deildum og starfsmenn fái fræðslu um notkun á efninu.
- að starfsfólk leikskólans sé sífellt vakandi fyrir því að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í leikskólanum, hvort heldur af hendi annarra nemenda, starfsfólks eða annarra aðila sem tengjast eða koma að skólastarfinu.
- að tilkynninga- og verkferlar séu skýrir í leikskólanum og aðgengilegir fyrir starfsmenn.
- að nemendur fái fræðslu um jafnrétti og siðferðileg samskipti kynjanna í samræmi við aldur. Fylgja skal markmiðum aðalnámskrár og ákvæðum skólanámskrár.
- að börnin séu ekki án eftirlits til þess að koma þeim ekki í óþægilega og erfiða aðstöðu.

23. grein laganna fjallar um menntun og skólastarf og kveður m.a. á um að gæta skuli kynjasambættingar við alla stefnumótun og áætlanagerð. Nemendur skuli hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. (Sjá nánar í viðauka) Ábyrgðin er á herðum allra starfsmanna.

Í Leikskólanum í Stykkishólmi skal:

- mæta þörfum sérhvers barns óháð kyni og tryggja að allir hafi sama rétt og tækifæri til náms og leiks, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar til þátttöku í öllum viðfangsefnum. Hvergi ættu að vera hindranir í vegni hvors kynsins.
- gera sömu kröfur til drengja og stúlkna.
- efla það viðhorf að eðlilegt sé að stúlkur og drengir leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum, óháð kyni.
- unnið gegn þeirri tilhneigingu að skipta veröldinni upp í drengi/karla og stúlkur/konur.
- stuðlað að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum stúlkna og drengja.
- forðast staðalmyndir og stuðla að því að börn upplifi það eðlilegt að bæði kyn vinni hin ýmsu störf í samfélaginu, innan heimilanna og í leikskólanum.
- leitast við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu á deildum, hópastarfi og í öðru starfi.

- varast að nota hugtök sem upphefja eða niðurlægja annað kynið.
- tryggja að kennslu og námsgögn sé þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað og jafnvægi sé á milli kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í bókum og textum.
- skapa tækifæri til að fjalla um hin ýmsu mál sem flokkast undir jafnrétti svo sem kyn, fötlun, trúarbrögð, þjóðerni og tungumál.

Starfsfólk

Leikskólanum ber að tryggja starfsfólki réttindi sem kveðið er á um í 19.-22. gr. jafnréttisлага.

19. grein laganna fjallar um launajafnrétti. Þar kveður á um að allir skulu njóta sömu launa og kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og öll viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunum séu án kynjamismununar. (Sjá nánar í viðauka) Ábyrgðin er á herðum skólastjórnenda og launafulltrúa Stykkishólmsbæjar.

Í Leikskólanum í Stykkishólmi skal stefnt á:

- að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum, störf standi opin báðum kynjum og að verkaskipting sé ekki kynbundin.
- að allir fái greidd jöfn laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf, óháð kyni. Framkvæmd er launakönnun á ábyrgð launafulltrúa sbr. jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar. Leiðréttá skal laun ef í ljós kemur óútskýranlegur launamunur.
- að starfsmönnum sé ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

20. grein laganna fjallar um laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun. Þar kveður á um að störf skulu opin öllum óháð kyni og allir eigi að njóta sömu möguleika til menntunar og starfsþjálfunar. (Sjá nánar í viðauka) Ábyrgð er á herðum skólastjórnenda og deildarstjóra eftir því sem við á.

Í Leikskólanum í Stykkishólmi skal:

- auglýst eftir starfsfólki ókynbundið og fólk hvatt til að sækja um óháð kyni.
- stuðlað að því að karlar jafnt sem konur ráðist til starfa og skulu jafnréttissjónarmið, til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið lögð til grundvallar við ráðningar.
- fylgst með nýjungum á sviði jafnréttismála og stuðlað að fræðslu og opinni umræðu á þeim vettvangi.
- tryggt að allir hafi jafnt aðgengi að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun, óháð kyni. Símenntunaráætlun leikskólans er lögð fram í upphafi hvers skólaárs og er ætlað að vera ramminn utan um þennan málaflokk.
- þess gætt í öllum starfsháttum leikskólans að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars og stöðu að öðru leyti. Leitast skal við að mæta þörfum allra óháð kyni.

21. grein laganna fjallar um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Konum og körlum skal gert jafnt undir höfði með möguleika sína á að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu m.a. varðandi aukinn sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þar sem bæði er tekið tillit til fjölskylduaðstæðna og þarfa atvinnulífsins. (Sjá viðauka) Ábyrgðin er á herðum skólastjórnenda og deildarstjóra eftir því sem við á.

Í Leikskólanum í Stykkishólmi skal:

- leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að starfsfólk, jafnt karlar sem konur, geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.
- gert ráð fyrir að báðir foreldrar sinni veikindum eigin barna.
- fjölda síðdegisfunda eftir vinnu haldið í lágmarki og þeir ætíð sjáanlegir á leikskóladagatalinu.
- starfsmönnum standa til boða að semja um sveigjanlegan vinnutíma og tillit tekið til sérstakra fjölskylduaðstæðna óháð kyni, í samræmi við starfsskyldur.

22. grein laganna fjallar um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni og kveður á um skyldur skólastjórnenda til að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir áreitni í leikskólanum. (Sjá nánar í viðauka) Ábyrgðin er á herðum skólastjórnenda og trúnaðarmanna. Jafnframt ber öllum að fylgjast með og láta vita ef vart verður við ósæmilega hegðun.

Áherslur Leikskólans í Stykkishólmi:

- Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni er með öllu óheimil og skulu skólastjórnendur gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt.
- Veita skal starfsfólki fræðslu reglulega um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni og viðeigandi hegðun og samskipti kynja.
- Stefna Stykkishólmsbæjar gegn einelti, áreitni og ofbeldi skal kynnt og rædd í upphafi hvers skólaárs svo allt starfsfólk þekki þær leiðir sem þeim eru færar ef mál koma upp. Stefnan er aðgengileg á heimasíðu Stykkishólmsbæjar og skal kynnt nýju starfsfólki þegar það hefur störf.
- Tilkynninga- og verkferlar skulu taka mið af Stefnu Stykkishólmsbæjar gegn einelti, áreitni og ofbeldi og atvik tilkynnt til Eineltisráðs Stykkishólmsbæjar ef við á.
- Við ráðningu starfsmanna er sérstaklega gætt að því að fylgja ákvæðum laga um leikskóla nr. 90/2008 3. mgr. 6. gr þar sem segir „óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.”
- Starfsfólk skal vera sífellt vakandi fyrir því að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislegri áreitni í leikskólanum, hvort heldur af hendi annarra starfsmanna eða aðila sem tengjast eða koma að skólastarfinu.
- Í leikskólanum eru opin rými með gluggum á milli herbergja, margir kennarar eru á hverri deild sem minnkar líkur á því að ofbeldi af hvaða tagi sem er, eigi sér stað.

Foreldrar

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 er sérstaklega kveðið á um að starfshættir leikskóla skuli mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju og sáttfýsi. Þetta þarf að hafa í huga í öllum samskiptum við foreldra jafnt sem starfsfólk og nemendur. Ábyrgð á virðingu, góðum samskiptum og samstarfi við foreldra er á herðum allra starfsmanna og alls leikskólasamfélagsins. Þess ber að gæta í öllu daglegu starfi og í rituðu jafnt sem töluðu máli.

Í Leikskólanum í Stykkishólmi skal:

- stuðlað að góðu samstarfi við báða foreldra.
- hvetja til þess að báðir foreldrar mæti í foreldravíðtöl ef þeir eiga möguleika á því og taki þátt í öðru foreldrasamstarfi.
- beina upplýsingum til beggja foreldra og hringja jafnt í föður og móður ef með þarf.
- bera virðingu fyrir margbreytileika og ólíkri menningu.
- þess gætt í öllum starfsháttum leikskólans að foreldrum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars og stöðu að öðru leyti.

Eftirfylgni

- Símenntunaráætlun skal leggja fram í upphafi hvers skólaárs.
- Jafnréttisáætlun skal yfirfarin og rædd á starfsmannafundi í upphafi hvers skólaárs og hún endurskoðuð í heild á þriggja ára fresti.
- Jafnréttisáætlunin skal kynnt á foreldrafundum í september ár hvert.
- Stefna Stykkishólmsbæjar gegn einelti, áreitni og ofbeldi skal kynnt og rædd á starfsmannafundi í upphafi hvers skólaárs. Stefnan á að vera sýnileg á heimasíðu Stykkishólmsbæjar.
- Tilkynninga- og verkferlar skulu vera skýrir í starfsmannahandbók.
- Námskeið og eftirfylgni í verkefnum Vináttu-eineltisverkefnis Barnaheilla og starfið þróað áfram í samvinnu við foreldrafélag leikskólans.
- Jafnréttisáætlun Leikskólans í Stykkishólmi á að vera aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- Jafnréttisáætlun Leikskólans í Stykkishólmi tekur mið af Jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar og þeir þættir sem þar koma fram heyra einnig undir áætlun leikskólans eftir því sem við á. Áætlunin er sýnileg á heimsíðu Stykkishólmsbæjar.

Viðauki:

Greinar 19.-23. úr lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

■ 19. gr. *Launajafnrétti.*

- Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun.
- Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.
- [Fyrirtæki eða stofnun þar sem 25 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli skal öðlast vottun, sbr. 10. tölul. 2. gr., að undangenginni úttekt vottunaraðila á jafnlaunakerfi fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem staðfestir að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85, sbr. 1. gr. c staðalsins. Þegar vottun liggur fyrir skal vottunaraðili skila Jafnréttisstofu afriti af vottunarskírteini ásamt skýrslu um niðurstöðu úttektar. Vottunina skal endurnýja á þriggja ára fresti. Vottunaraðili skal jafnframt tilkynna Jafnréttisstofu leiði úttekt ekki til vottunar og greina frá ástæðum þess með framlagningu skýrslu um niðurstöðu úttektar. Jafnréttisstofu er heimilt að veita samtökum aðila vinnumarkaðarins aðgang að skýrslu vottunaraðila um niðurstöðu úttektar á jafnlaunakerfi fyrirtækis eða stofnunar hafi úttekt ekki leitt til vottunar. (*ath. greinin er mun lengri en verður ekki tíundum hér frekar*)

¹⁾L. 56/2017, 3. gr. ²⁾Rg. 1030/2017, sbr. 1092/2018.

20. gr. *Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.*

- Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.
- Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

■ 21. gr. *Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.*

- Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

■ 22. gr. [*Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.*]¹⁾

- Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagsamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir [kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni] ²⁾ á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.
- Ef yfirmaður er kærður vegna [ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni] ³⁾ verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

¹⁾L. 62/2014, 3. gr.

■ 23. gr. *Menntun og skólastarf.*

- Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íprótta- og tólmstundastarfi.
- Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

- Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.
- Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.
- Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.
- [Það ráðuneyti er fer með fræðslumál] ¹⁾ skal fylgjast með að jafnréttis kynjanna sé gætt í skóla- og uppeldisstarfi sem og í íþrótta- og tómskundastarfi. Enn fremur skal [það ráðuneyti er fer með fræðslumál] ¹⁾ fylgjast með þróun jafnréttismála á þessum sviðum samfélagsins.
- Jafnréttisráðgjafi skal starfa innan [þess ráðuneytis er fer með fræðslumál] ¹⁾ og skal hann fylgja eftir ákvæðum þessarar greinar og veita viðkomandi aðilum ráðgjöf í jafnréttismálum, m.a. um sértækar aðgerðir til að stuðla að jafnrétti kynjanna.

¹⁾[L. 126/2011, 473. gr.](#)